

**14. fundur í Samráðsnefnd Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar mánudaginn 15. október 2007 í fundarsal bæjarstjórnar Vesturbyggðar á Patreksfirði, kl. 17.00**

**Mættir:** *Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir formaður, Birna Benediktsdóttir (í stað Braga Geirs Gunnarssonar), Úlfar Thoroddsen, Þuríður G. Ingimundardóttir (í stað Jóns B.G. Jónssonar), Arnheiður Jónsdóttir og Ragnar Jörundsson bæjarstjóri Vesturbyggðar sem jafnframt ritaði fundargerð.*

**Dagskrá:**

- 1. Verkefnastjóri sbr. sameiginlegt erindi til Fjárlaganefndar og umsókn um starfið.**  
Lagt fram afrit af erindi sveitarfélagana til Fjárlaganefndar þar sem farið er fram á framlag vegna stöðu verkefnisstjóra í nýsköpun og atvinnuuppbyggingu í V-Barðastrandarsýslu. Borist hefur umsókn um starf verkefnisstjóra og vísað til auglýsingar á heimasíðu Vesturbyggðar. Bæjarráð Vesturbyggðar og hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps hafa nú þegar samþykkt að gengið verði til samningaviðræðna við umsækjanda. Samráðsnefnd felur bæjarstjóra Vesturbyggðar og oddvita Tálknafjarðarhrepps að gera starfslýsingu og gera tillögur um kostnaðarskiptingu.
- 2. Tónlistarskóli.** Bæjarstjóri Vesturbyggðar hefur verið í sambandi við tvo pólska tónlistarkennara sem eru líklegir til að koma til starfa á svæðið. Nokkrar umræður urðu um málið. Voru nefndarmenn sammála um að kannaður verði möguleiki á sameiginlegum Tónlistarskóla fyrir bæði sveitarfélögin.
- 3. Slökkvilið.** Formaður fór yfir drög að samningi um sameiginlegt slökkvilið sveitarfélaganna. Lagt fram til kynningar og verður tekið fyrir á næstu fundum sveitarfélaganna.
- 4. Dreifmennt.** Formaður sagði frá því, að hún hafi verið í sambandi við menntamálaráðuneytið og væri vongóð um að koma dreifmenntaverkefninu af stað að nýju. Yrði það gert í samvinnu við stærri skóla á höfuðborgarsvæðinu. Formaður mun vinna málið áfram og senda nefndarmönnum upplýsingar eftir framvindu í t-pósti.
- 5. Samgöngur.** Rætt um ástand stofnveggar nr. 60 og þær ályktanir sem sveitarfélögin hafa sent frá sér að undarförnu. Sveitarstjórnirnar lýsa yfir undrun á þeirri skoðun vegagerðarinnar á ástandi vegarins sem samgönguráðuneytið samsinnir, um að vegurinn frá Bjarkarlundi að Flókalundi sé viðunandi.
- 6. MEÓ fundargerð nr. 68.** Lögð fram til kynningar.
- 7. SPVF.** Formaður sem jafnframt er stjórnarmaður í Sparisjóði Vestfirðinga og forseti bæjarstjórnar Vesturbyggðar, gerðu stutta grein fyrir fundi stofnfjáregenda þann 9.okt. sl.
- 8. Önnur mál.**
  - a) Lögð fram fundargerð landbúnaðarnefndar nr. 4. Í 3 tölulið, er því beint til nefndarinnar að sjá um smölun sauðfjár í Tálkna. Oddvita Tálknafjarðar og bæjarstjóra Vesturbyggðar falið að vinna að málinu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 19:20

---

*Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir*

---

*Birna Benediktsdóttir*

---

*Úlfar Thoroddsen*

---

*Þuríður G. Ingimundardóttir*

---

*Arnheiður Jónsdóttir*

---

*Ragnar Jörundsson*